

1861. nokkurt frá hreppstjóranum í Kleifa hrepp, um úrskurð, er  
 30. október. amtmaðurinn yfir suðurumdæminu kvað upp 28. júlím. 1859  
 um það, hvar Guðmundur nokkur Guðmundsson væri sveitlæg-  
 ur. Í þessu efni skal yður það til vitundar gefið, yður til leið-  
 beiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, að  
 stjórnarráðinu ekki þykir ástæða til að leggja úrskurð á þetta  
 mál, með því tæður Guðmundur, eptir þeim skýrslum, sem fram  
 eru komnar, hefir ekki enn farið þess á leit að fá sveitarstyrk.

31. október. **73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir  
 vesturumdæminu, um lækkun á afgjaldi af jörð-  
 inni Kársstöðum sökum skemmda.**

Með bréfi 9. júlím. þ. á. hafið þér, herra amtmaður,  
 sent dómsmálastjórninni skoðunargjörð á skemmdum þeim, er  
 jörðin Kársstaðir, er heyrir undir Skógarstrandar umboð, hefir  
 orðið fyrir af fjallskriðu, og hafið þér stungið upp á, að lætt  
 sé af jörðu þessari einu kúgildi, þó með því skilyrði, að  
 landskuldin verði framvegis hækkuð um 10 álnir eptir meðal-  
 verði verðlagsskrár, en leiguliði skuli undanþeginn að svara eins  
 árs leigum af kúgildi þessu, en skili því í góðu standi í far-  
 dögum 1862, og skuli það síðan selt og verð þess renna í um-  
 boðssjóðinn; þar að auki hafið þér beðið um samþykki stjórn-  
 arráðsins til þess, að þér hafið látið greiða úr umboðssjóðnum  
 2 rd. 48 sk. fyrir skoðunargjörð þá, sem að ofan er getið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbein-  
 ingar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga að  
 máli, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur amtsins, þær  
 er að ofan er getið; þó skal skylda leiguliðann til að bæta  
 skemmdirnar, svo sem unnt er; svo leggur og dómsmálastjórnin  
 samþykki á, að þér hafið látið greiða úr umboðssjóðnum fé það,  
 sem að ofan er greint.